

Utvarpið og tónlistin.

I.

Furðu virðist það gegna, hve-
ftinn áhuga músík útvarpsins hef-
ir vakið hjá hlustendum, svo mjög
mikinn þátt sem þar er um að
ræða í starfi þeirrar stofnunar, og
svo mjög sem útvarpið hefir ein-
mitt á því sviði, hina mestu mögu-
leika. Jeg minnst þess varla að
hafa á prenti sjeð getið um tón-
listina í útvarpinu, nema til að
niðra grammófóninum. En slíkt er
hið mesta ranglæti, þar sem það
er einmitt þeirra vjel að þakka,
að útvarpið getur lofað oss að
heyra hinar ágætustu og stórkost-
legustu hljóðfærarveitir samtíðar-
innar — svo að jeg nefni það sem
mjer þykir mjög mikils um vert.

Og síðan jeg eignaðist viðtæki,
kalla jeg grammófóninn góðglym.

II.

Mjer virðist mega fullyrða, að
útvarpinu hafi ennþá ekki orðið
nema lítið ágengt í að kenna al-
menningi að meta það sem best
er í tónlist. Fólkíð hefir hvorki
lært að meta söngleiki (óperur)
mje hljómkviður (symfóniur). Nú
eru að vísu til hálfleiðinlegar ó-
perur — eins og t. d. Rigoletto —
og meir en hálfleiðinlegar sym-
fóniur, sem jeg láí hlustendum
ekki að loka fyrir. En mjer er
kunnugt um að það er lokað, jafn-

vel þegar Carmen er á boðstólum.
Þetta dýrðlega sniðarverk Bizets,
sem ber af flestum samskonar tón-
verkum, meir en gull af eiri, og
útvarpið á í fórum sínum á til-
takanlega góðum plötum, en lofar
oss svo afarsjaldan að heyra. Eigi
að kenna fólkinu að meta slík
verk eins og ber, þá verður að
fara öðruvísi að en gert hefir ver-
ið. Ef vjer fáum langan söngleik
allan á einu kvöldi þá hljóta oss
að koma í hug orð skáldsins
(Goethe) er hann segir:

Vernunft wird Unsinn,
Wohlthat Plage —

Það verður til að þreyta, sem
gæti orðið til að hressa og gleðja.
Hin rjetta aðferð er að láta oss
fá einn þátt í einu og oft. Leik-
sagan í söngleiknum kemur hvort
sem er, sama sem ekkert til greina
í útvarpinu, heldur eingöngu tón-
listin. Sama er að segja um hljóm-
kviðurnar (symfóniurnar): einn
kafli á kvöldi þangað til kviðurn-
ar eru orðnar góðir kunningjar,
og hlustendur gleðjast, þegar rödd
útvarpsins segir að von sje á þeim.
Og vitanlega verður að velja það
sem er verulega gott.

III.

Tvö tónskáld þykja mjer betri en önnur — þó að mörg sjeu góð — og eru mjer nokkuð svipað og Jónas Hallgrímsson og Þorsteinn Erlingsson í ljóðlist: Georges Bizet og Pjotr Tsjaikovski. Eftir hinn síðarnefnda er hin óviðjafnanlega runhljóma, sem nefnd er Nussknackersuite. En þar er fegursta danslagið sem til er — þeirra sem jeg hefi heyrt — blómavalsinn. Vals þessi ber langt af jafnvel því besta sem til er eftir sjálfan valsakónginn, Jóhann Strauss. Og þó er í Nussknacker (Egrotabréfi) annað lag rússneskur dans, sem er nálega eins framúrskarandi að snild. Útvarpið á ennfremur eftir Tsjaikovski þrjár ágætær hljómkviður, sem vjer fáum altöf sjaldan að heyra. Það er ekki af því að jeg hafi neinar sjerstakar mætur á rússneskri og slavneskri tónlist, sem mjer þykir svo mikið til Tsjaikovskis koma, heldur af því að hann er einn af mestu snillingum maunkynsins á sínu sviði. og þar sem honum tekst best, finst mjer hann nálega sem norrænn, eða nánar tiltekið, sænskur: 6. symfóníuna hefi jeg með sjálfum mjer nefnt sænsku hljómkviðuna. Mjer þótti því gaman að heyra, að maður sem hefir svo

margfallega miklu betur vit á þessum efnum en jeg, tónskáldið Jón Leifs, veik að því í útvarps-crindi, hversu sænskur blær væri á hljómkviðu eftir Tsjaikovski. Ekkert tónskáld kemur mjer eins og þessi rússneski snillingur, þegar jeg fæ að heyra það sem best er eftir hann, til að minnast orðanna um það sem kemur frá hjartanu og fer til hjartans.

IV.

Útvarpið sneiðir of mjög hjá tónlist Norðurlanda. Eftir Johan Svendsen, eitt hið ágætasta tónskáld Norðurlanda, höfum vjer t. d. aðeins fengið að heyra ástar-sönginn fagra, og þó of sjaldan, en aldrei Fest-polonaise, sem nálega má kalla þjóðsöng Norðmanna. Og hvers vegna heyrst varla aldrei neitt eftir annan eins snilling og N. W. Gade. Getur það verið að hinn yndislegi Ossians-forleikur — sem minnir mig dálítið á „Lágnætti“ Þorsteins Erlingssonar — sje ekki til á plötun? —

Það er ekki af því að jeg hafi músíkmentun til að bera, sem jeg er að skrifa þetta, heldur af því að jeg hefi þrátt fyrir skort á slíkri mentun, dálítið sjerstaklega góðar ástæður til að dæma um

Utværpa og tonlistin.

gildi tónverka. í baráttu við vandræði af þreytu sakir svefnskorts hefir mjer orðið þýðing tónlistarinnar ljósari en áður, og næmleikinn mikið aukist gagnvart því, hvað er í sannleika músík, og hvað varla annað en hávaði og gutl.

— Seinna vona jeg að geta skrifað nokkuð um hvernig tónlistin er notuð lengra fram, sem ómissandi hjálp við lækningar og líkamningar, og virðist mjer það mál alt stórfróðlegt. Miðilfundir mundu takast betur, ef kostur væri á hinni rjettu músík. Og mikill hugur er mjer á að svo gæti orðið á Stjörnustöðum, húsi því sem reisa þarf hjer innan við bæinn til sambands við betri jarðstjörnur en vor er ennþá.

5. mars. 1934.

Helgi Pjeturs.

